

KOSNINGAR 8. APRÍL

Hvar eru athafnakonurnar?

SÍÐAST liðið haust var ég á ferð um Bandaríkin og lenti þá á fundi hjá laganeftnd Verslunarráðsins í Orange County, útborg Los Angeles í Kaliforníu. Petta var árla morguns og barna sátu nokkrir athafnamenn og konur og sömdu álit um málefni sem ýmist voru til umræðu á fylkisbinginu eða þinginu í Washington. Breytingar Clintonstjórnarinnar á heilbrigðiskerfinu, afnám dauðar-efsingar, strangari refsingar eftir þriðja lagabrot, harðari aðgerðir gegn ólögglegum innflyttjendum og ný tóbaksvarnalöggið voru á meðal þess sem rætt var.

Síðar þennan sama dag hitti ég konur í atvinnurekstri sem allar höfðu sagt upp fyrrí störfum til að stofna sín eigin fyrirtæki. Ein þeirra, sem rekur stórt byggingarfyrirtæki, er félagi í samtökum sem kallast „Fyrirtæki með félagslega ábyrgð“. Meðal þekktra fyrirtækja í þessum selskap eru sportvöruframleiðandinn Reebok og fataframleiðandinn Levi-Strauss. Þessi fyrirtæki selja ekki vörur sína til ríkja sem brjóta mannréttindi og heir líta á það sem skyldu sína að bæta félagslegt umhverfi sitt, m.a. með því að styðja kvennaathvörf, byggja barnaheimili, styðja æskulýðsstarf, vinna gegn glæpastarfsemi og skipuleggja starf sitt í sátt við umhverfið. Þeim er nefnilega orðið ljóst að velgengni fyrirtækja ræðst ekki eingöngu af vöxtum, verðlagi, gengi hlutabréfa eða skatthlutfalli, heldur eru fyrirtækin hluti af umhverfi, heild sem þarf að vinna saman. Fyrirtæki blómstra ekki ef innan þeirra ríkir óánægja, eða ef starfsmennirnir eiga í stöðugum vandræðum með daglegt líf sitt. Fyrirtæki ganga ekki vel í umhverfi þar sem skattsvik, glæpir, maffiustarfsemi eða trúarátök eru daglegt braud. Fyrirtæki þar vestra fá ekki á sig gott orð ef þau menga umhverfið

eða tefla fram eintómu miðaldra, hvítum karlmönnum, enda hafa konur sótt mjög í sig veðrið bæði innan rótgróinna fyrirtækja en einkum þó með stofnun nýrra. Stjórn þeirra á fyrirtækjum hefur vakið athygli og það er talað um nýjan stjórnunarstíl kvenna.

Konurnar eyddu atvinnuleysinu

Hvernig standa íslensk fyrirtæki sig ef horft er á þau út frá þessum sjónarhlóli samfélagstengsla? Að sumu leytu vel og að öðru leytu miður. Íslensk fyrirtæki hafa tekið sig verulega á í umgengni sinni við íslenska náttúru, mengunarvarnir og framleiðsla hefur tekið stórtígum framförum þótt margt sé eftir enn, enda eru menn smátt og smátt að áttu sig á því að möguleikar okkar felast í hreinleika, gæðum, gæðum og aftur gæðum. Íslensk fyrirtæki styðja við bak menningarlífs, íþróttastarfs og stjórnálabaráttu í allríkum mæli, sum mjög myndarlega. Þegar kemur að stjórnun fyrirtækja, áhrifum í fjármálalífi, að ekki sé talað um eign a fyrirtækjum, versnar í því.

Það heyrir til undantekninga að sjá konur í röðum framkvæmdastjóra, stjórnenda eða eigenda fyrirtækja, eins og nýleg úttekt Samkeppnisstofnunar bar glöggt með ser. Íslenskt samfélag hefur fjárfest gifurlega í menntun kvenna undanfarin 25 ár. Hvernig stendur á því að það skilar sér ekki í frumkvæði úti í atvinnulifinu hér eins og það gerir í Kanada, Bandaríkjum og á Norðurlöndunum? Í Bandaríkjum hafa konur stofnað rúmlega helming nýrra fyrirtækja á undan-



Kristín Ástgeirs dóttir

fönum fimm árum og þar er sagt blákalt að það sé frumkvæði þeirra sem eytt hafi atvinnuleysinu og náð bandarísku atvinnulifi upp úr oldudal. Þær hafa líka fengið öflugan stuðning úr lánsjóðum til að vinna það verk.

Vannýtt auðlind

Hvaða tregðulögjmál eru að verki hér? Hvernig tengist staða kvenna á íslenskum vinnumarkaði áherslum í menntakerfinu, rót-

grúnónum hefðum, hugsunarhætti og félagslegri stöðu kvenna? Hér er eitt-hvað mikil að og það er kominn tími til að ríkið, stjórnendur stofnana þess og vinnumarkaðurinn í heild opni augun, breyti áherslum og nýti þá auðlind sem felst í hugviti og sköpunarkrafti kvenna til að efla íslenskt atvinnulifi. Auðlindin er til staðar, en hún er illilega vannýtt.

A undanförnum árum hafa íslensk fyrirtæki gengið í gegnum hreinsunareld sem nú virðist vera að kulna. Fjöldi fyrirtækja er brunninn upp til agna, sum hver gömul og að því er virtist gróin, en önnur hafa lifað af og koma nú út úr eldinum reiðubúin að takast á við nýja óld. Staðan er þó afar misjöfn og það er ljóst að eiginfjárstaða margra fyrirtækja er mjög slök, gengið hefur verið á eignir til að borga upp skuldir og fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki, sem þýðir að ekki er von mikillar atvinnusköpunar eða nýjunga.

Sköttum hefur verið létt af fyrirtækjunum sem hefur bætt stöðu þeirra verulega, en spurningin er, hvernig er atvinnulifid í stakk búið til að skapa þúsundir starfa fyrir

Að mati okkar kvenna-listakvenna, segir **Kristín Ástgeirs dóttir**, eru möguleikar til atvinnusköpunar margir.

það fólk sem kemur út á vinnumarkaðinn á næstu árum og þá sem nú þegar eru atvinnulausir? Hvernig er íslenskt atvinnulifi búið undir vaxandi samkeppni á opnari mörkuðum? Eru íslensk fyrirtæki samkeppnisfær í launum á sameiginlegum evrópskum vinnumarkaði? Hvert á að stefna?

Áherslubreytingar er þörf

Að mati okkar kvennalistakvenna eru möguleikar til atvinnusköpunar margir hér á landi ef skynsamlega er að málum staðið. Tækifærin felast í fullvinnslu matvæla í sjávarútvegi og landbúnaði, ferðabjónustu, smáiðnaði, endurreisn ullariðnaðarins, listiðnaði, fiskeldi sem er að verða stóriðnaður úti í heimi, rannsóknarstofnunum af ýmsu tagi og þannig maetti lengi telja.

Við verðum að vita hvert við viljum stefna. Eigung við að leggja megináherslu á matvælaframleiðslu, eða eignum við að snúa okkur í ríkara mæli að því að selja þjónustu og hugvit? Það þarf að marka atvinnustefnu til langs tíma og að laga menntastefnuna henni í stað bess algjöra stefnuleysis sem hér ríkir. Stjórvöld eiga að ýta undir tilraunir og rannsóknir, styðja smá-fyrirtæki og skapa skilyrði fyrir öflugan atvinnurekstur sem getur greitt almennileg laun, atvinnurekstur sem gefur bæði konum og körum fær að spreyyta sig.

Það sem hér þarf að gerast er áherslubreyting, þar sem sjónum er

beint inn á við, að vinnuaflinu ekki siður en því að skoða ytri aðstæður. Einn helsti vandi íslensks atvinnuliffs er lág framleidiðni. Hana þarf að auka fyrst og fremst með því að mennta fólkid. Hér á landi eru stórar atvinnugreinar sem hvorki gera kröfur um menntun né veita starfsfólk kost á henni. Börn og unglungar eru jafnvæl ráðin til að sinna viðkvæmri matvælaframleidiðslu. Viða úti í Evrópu eru t.d. verslunar- og þjónustustörf „profession“ sem próf þarf til að mega sinna.

Gamaldags viðhorf til menntunar

I könnun sem Gerður G. Óskarsdóttir gerði í tengslum við doktorsritgerð sína á viðhorfum vinnuveitenda til menntunar kemur fram að margir þeirra sjá litil tengsl milli menntunar og atvinnuliffs. Þetta er áhyggjuefn og skýrir kannski að hluta til þá stöðu sem við erum í. Slik viðhorf verða að breytast, enda ber öllum þeim sem spá í framtíðina saman um að menntun og aftur menntun sé lykill að framförum og lausnum á vanda heimsins. Ef hér á að verða áframhaldandi gott mannlif í landinu, með nýsköpun og uppbryggingu verða viðhorf til menntunar að breytast hjá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðarins og almenningi.

Að lokum eitt dæmi úr hagsögunni. Þegar þýsku ríkin 38 voru samteinuð árið 1870 áttuðu menn sig á því að það var eitthvað merkilegt að gerast á svíði efna- og eðlisfræði. Miklum fjármunum var varið til uppbryggigar háskóla og rannsókna á svíði raunvísinda. Þrjátíu árum síðar reis þýskur efna- og stál-iðnaður upp og varð hinn kröftugasti í Evrópu. Þjóðverjar kunnu reyndi ekki með þá forystu að fara, en mórrallinn í sögunni er þessi: Það þarf framsýni, menntun, rannsóknir og umfram allt polinnmædi til að ná árangri.